

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um líftryggingar einstaklinga
sem greinst hafa með langvarandi sjúkdóm.

Frá Daníel E. Arnarssyni.

- Eru einhver lagaákvæði eða tilmæli sem kveða á um skyldu tryggingafélaga til að veita einstaklingum sem greinst hafa með langvarandi sjúkdóm, til að mynda HIV eða sykursýki, en eru á lyfjum sem tryggja eðlilegt líf, líftryggingar á sambærilegu verði og gerist almennt?
- Kemur til álita af hálfu ráðherra að setja leiðbeinandi viðmið um verð líftrygginga til einstaklinga sem eru á lyfjum við langvarandi sjúkdómi, svo sem HIV eða sykursýki, til að forðast mismunun í verðlagi líftrygginga?

Skriflegt svar óskast.